

Skólaráðsfundur 14.10.2022 kl. 8:20

Skólaráð Foldaskóla skipa í vetur: Krístrún Guðjónsdóttir (skólastjóri), Hulda María Magnúsdóttir (deildarstýra), Friðþór Vestmann Ingason (fulltrúi kennara), Jón Hákon Halldórsson (fulltrúi kennara), Sigrún Helga Jónsdóttir (fulltrúi starfsmanna), Elva Hjálmarsdóttir (fulltrúi foreldra), Hanna Steinunn Steingrímsdóttir (fulltrúi foreldra), Elísa Björk Maronsdóttir 10. SRS (fulltrúi nemenda), Amelía Carmen Agnarsdóttir 9. SVJ (fulltrúi nemenda)

Fyrsti fundur vetrarins, öll mætt

1. Krístrún fer yfir skipan skólaráðs í vetur. Segir ekki búið að fá fulltrúa úr grenndarsamfélaginu. Hægt að leita til frístundar eða félagsmiðstöðvar eftir fulltrúa. Lagt til að leita fyrst til forstöðukonu frístundar þar sem nemendur í skólaráði eru af unglíngastigi. Það er samþykkt.
2. Farið stuttlega yfir lög um skólaráð úr grunnskólalögum. Þegar verið sent á fulltrúana ásamt handbók um skólaráð og myndbandi. Umræða hvort þurfi varamann úr röðum foreldra, fulltrúar foreldra ætla að kanna það, helst að vanti ef báðar forfallast.
3. Fundarboð send fyrir allan veturinn eftir þennan fund svo hægt sé að setja í dagatal. Fundargerðir birtar á heimasíðu, fólk beðið að senda athugasemdir sem fyrst svo hægt sé að ganga frá.
4. Farið yfir fundadaga vetrarins og áætlaða dagskrá hvers fundar:
 - a. 11. nóvember - Jólادagskrá, skreytingadagur og ástand skólahúsnæðis
 - b. 13. janúar - Fundað með nemendaráði, Skólalúls, líðan nemenda
 - c. 3. mars - Skólادagatal, skipulag næsta skólaárs, fjárhagsáætlun
 - d. 5. maí - Skipulag næsta skólaárs, staða/ráðningar, fyrirhugaðar framkvæmdirAlltaf gert ráð fyrir að önnur mál séu tekin fyrir á fundum og fulltrúar í skólaráði geta óska eftir að mál verði tekin á dagskrá
5. Flett í gegnum starfsáætlun skólans. Var send á fulltrúa skólaráðs fyrir fundinn. Verður svo birt á heimasíðu skólans þegar er tilbúin. Skólaráð samþykkir starfsáætlun skólans en nokkrar athugasemdir ræddar:
 - a. Umræða um foreldraviðtöl, hvort á að breyta fyrirkomulaginu eins og það er, t.d. með því að auka þátttöku nemenda í skipulagi/undirbúningi. Nemendur segja það vera kvíðavald hjá unglingum að vita ekki við hverju má búast. Er hægt að undirbúa nemendur betur? Fyrirkomulag þarf að ræða innanhúss og kynna síðar á skólaráðsfundi.
 - b. Vantar áætlun um innra mat
 - c. Stutt umræða um BBB og farsældarlögin, hvernig staðan er
 - d. Rætt hvort þurfi að útbúa heildarstefnu fyrir skólann, framtíðarsýn með markvissa þætti og mælanleg markmið. Hluti af innra matinu, að setja markmið og varða leiðirnar að þeim

6. Farið yfir helstu áherslur í skólanum fyrir veturinn
7. Aðeins rætt um fordóma í kjölfar umræðu sem verið hefur í samfélaginu undanfarið. Þarf að ræða og fræða. Hugmynd um nemendur/foreldrar/forsjáraðilar/starfsfólk skrifi undir sáttmála.
8. Þurfum að ná aftur upp fyrri dampi og starfsgleði eftir covid, tala skólann upp og hjálpast að. Skólinn þarfnast líka endurnýjunar og viðhalds. Skoða þarf aðgengi nemenda að vatni/vatnshana.
9. Önnur mál
 - a. Spurt hvernig er best að tengja fulltrúa foreldra við heildarhóp foreldra. Spurning hvort á að birta netföng á heimasíðunni? Á þetta að vera bundið við einstaklinga eða á að vera miðlægt netfang fyrir fulltrúa foreldra? Kristrún ætlar að kanna hvernig þetta er í öðrum skólum og taka upp síðar.

Fundi slitið kl. 9:43